

Verkmenntaskólinn á Akureyri

Rýni stjórnenda vorönn 2021

Mái/Júní 2021

Inngangur

Gæðakerfið skólans er í stöðugri þróun og verkferlar endurskoðaðir eftir aðstæðum. Kjartan Kárason frá Vottun ehf. gerði úttekt á verkferlum þann 23.mars 2021, úttektin fór fram í fjarfundi. Niðurstaða úttektar hefur ekki enn borist.

Á vorönn 2021 áttu eftirtaldir aðilar sæti í gæðaráði: Sigríður Huld Jónsdóttir skólameistari, Benedikt Barðason aðstoðarskólameistari, Helga Jónasdóttir áfangastjóri, Sigurður Hlynur Sigurðsson áfangastjóri, Ómar Kristinsson sviðsstjóri stúdentsprófsbrauta, Anna María Jónasdóttir verkefnastjóri og Hrafnhildur Haraldsdóttir rekstrar- og fjármálastjóri. Haldnir voru 19 gæðaráðsfundir á önninni.

Gæðaráð fór yfir og vann úr athugasemdum sem komu fram í framvindumati innan tímafrests sem miðað er við. Fag- og brautarstjórar skiluðu inn áfangaskýrslum kennara í lok annarinnar og gæðaráð fór yfir athugasemdir úr þeim í júní 2021. Gögn varðandi þetta eru geymd á skrifstofu áfangastjóra.

Önnin litaðist mjög af takmörkunum í skólastarfi vegna heimsfaraldurs. Breytingar sem gerðar voru á námsmati komu fram í áfangaskýrslum.

Þessi skýrsla er unnin skv. VKL-101 Stjórnun gæðamála og er samantekt á þeim verkefnum sem falla undir gæðaráð.



Almennar kröfur:

ISO 9001 og ÍST 85:2012:

Kröfur til rýni:

- framkvæmd með fyrirfram ákveðnu millibili,
- tryggja að gæðastjórnunarkerfið sé fullnægjandi og markvirk

Niðurstöður rýni stjórnenda innihaldi að lágmarki ákvarðanir og aðgerðir sem tengjast:

- tækifærum til umbóta,
- hverskyns þörfum á breytingum á gæðastjórnunarkerfinu,
- þörfum varðandi auðlindir

Rýnisfundur var haldinn:

| | | | |
|------------------|-------------|-------------------------------------|---------------------|
| Dags.:09.06.2021 | Tími: 10:00 | Staðsetning:Skifst. aðstoðarskólum. | Fund boðaði:SHS/HEL |
|------------------|-------------|-------------------------------------|---------------------|

| | |
|--------------|---|
| Mættir: | Sigríður Huld Jónsdóttir, Benedikt Barðason, Ómar Kristinsson, Sigurður Hlynur Sigurðsson, Helga Jónasdóttir, Hrafnhildur Haraldsdóttir, Anna María Jónasdóttir |
| Fjarverandi: | |

Niðurstöður rýnifundar:

0. Forsendur

Tilgangur fundarins var að fara yfir **Skýrslu fyrir rýni stjórnenda vor 2021**. Frumrit skýrslunnar er í vörslu áfangastjóra, afrit á bókasafni, Gopro og vefútgáfa á heimasíðu skólans.

Ályktanir eru dregnar fyrir hvert atriði, og aðgerðir ákvarðaðar. Þessar aðgerðir eru teknar saman á aðgerðalista sem fer inn á GÁT-069 Verkefnalisti stjórnenda skv. VKL-102 Vinnureglur gæðaráðs og fá eftirfylgni þar.

1. Niðurstöður frá fyrri rýni stjórnenda

Hér er yfirlit yfir aðgerðalista frá rýni haust 2020.

- Unnið verður samkvæmt áætlun um starfsmannasamtöl
- Unnið að innleiðingu persónuverndarlaga
- Endurskoðun á námsbrautum
- Eftirvinna varðandi innri úttektir er í höndum áfangastjóra
- Gerð verður ný áætlun um innra mat GÁT-028
- Endurskoðun námsbrauta
- Endurskoðun á stokkatöflu og tímatöflu
- Farið verður í breytingar á kjallara
- Klára vinnu við að koma á fót rafrænum skráningum á athugasemdum og ábendingum og húsumsjón
- Unnið verður að aðgerðum vegna SVÓT-greiningar
- Farið verður yfir fyrirkomulag skjalastýringar í gæðakerfi skólans
- Endurskoða húsnæði með tilliti til vinnuaðstæðna og nýtingu
- Viðhald á húsnæði VMA í samstarfi við Ríkiseignir með það að markmiði að auka rekstraröryggi skólans og öryggi starfsfólks t.d.snjógildirur við loftræsingu, lokuð kerfi á loftræsingu og snjóbræðslur, þak yfir miðrymi og endurnýja plast í þakgluggum
- Skoða breytingar á notkun Gryfjunnar
- Byrja á fartölvuvæðingu kennara



2. Niðurstöður innri úttekta

Innri úttektum fyrir vorönn 2021 er lokið að fullu en ekki eftirvinnu þeirra. Sú vinna verður kláruð á haustönn 2021 ásamt nýrri úttektaráætlun.

3. Endurgjöf frá nemendum, starfsmönnum og hlutaðeigandi

Í VMA er unnið að því að bæta gæði skólafarsins með hliðsjón af gæðamarkmiðum og kvörðum sem er að finna í [STS-002](#). Til að sjá hvort skólinn hefur náð markmiðum sínum er m.a. rýnt í niðurstöður kennslu- og starfsmannakannana, tölur um brottfall, einkunnir og viðveru nemenda. Niðurstöður vorannar 2021 birtast hér fyrir neðan. Hafa verður í huga að niðurstöður fyrir gæðamarkmið VMA eru bornar saman við markmið sem eru sett fyrir eitt ár, en hér í þessari skýrslu er einungis um að ræða niðurstöður einnar annar. Um er að ræða þætti sem sveiflast mjög á milli ára og því verður að hafa fyrirvara á þegar lesið er í niðurstöðurnar. Einnig er skoðuð frammistaða ytri veitenda.

Kennslumat

Kennslumat er gert á hverri önn, í formi könnunar sem lögð er fyrir nemendum, þar sem þeir svara spurningum um störf kennara og aðbúnað til kennslu. Lögð var könnun fyrir alla hópa í dagskóla VMA, alls 314 hópa og var svörun 41,1%. Könnunin var unnin í gegnum Innu og fengu nemendur tölvupóst frá aðstoðarskólameistara með upplýsingum um könnunina. Heildar niðurstöður eru birtar á vef skólans og einnig hafa kennarar aðgang að sínum niðurstöðum í gegnum INNU í lok annar. Hægt er að nálgast niðurstöður könnunarinnar inni á kannanakerfi Innu sem aðstoðarskólameistari og skólameistari hafa aðgang að.

Ályktun gæðaráðs

Gæðaráð telur ekki þörf á að bregðast sérstaklega við en hvetur til þess að áfram verði hugað að ánægju nemenda og gæðum kennslu.

Starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun var lögð fyrir starfsfólk skólans á tímabilinu mars-apríl 2021. Um var að ræða netkönnun unna af Gallup. Könnunin var send á 134 einstaklinga og var svarhlutfallið 81%. Mesta ánægjan var með möguleikana á samræmi milli vinnu og fjölskyldulífs, svigrúm innan vinnutíma, skýr stefna um jafnrétti kynjana, heildar ánægja í starfi og sveigjanleika í vinnu. Lægstu meðaltölín voru varðandi stuðning og hvatningu frá næsta yfirmanni, hversu vel eða illa er talið að vinnustaðnum sé stjórnað, nægar upplýsingar um það sem er að gerast á stofnuninni, starfsfólki hrósað fyrir vel unnin störf og hversu oft starfsfólk telur sig vera það þreytt eftir að vinnu lýkur að starfsmenn eiga erfitt með að gera nokkuð.

Ályktun gæðaráðs

Ánægjulegt er að sjá að á heildina litið er ánægja starfsmanna 4,24 af 5 mögulegum. Það eru tækifæri til að bæta sig og mun gæðaráð, skoða þá möguleika.

Námsframboð

Markmið skólans er að undirbúa nemendur undir frekara nám á háskólastigi og sérhæfð störf. Þessu markmiði er náð með reglulegri endurskoðun á námsbrautum og námsframboði. Þess má geta að VMA býður uppá nám á fjórða þrepi í vélstjórn og í meistaraskóla fyrir iðnsveina. VMA hefur tekið upp samstarf við Lbhí og á næsta skólaári verður boðið upp á námsbraut í náttúruvísindum með búfræði áherslu. Einnig er búið að taka ákvörðun um að bjóða uppá kvöldnám í byggingargreinum á næsta skólaári. Búið er að samþykkja sérnámsbraut við skólann.

Rýni stjórnenda niðurstöður vorönn 2021



Rekstur, húsnæði og skipulag

Lögð er áhersla á að nýta vel þá fjármuni sem skólinn hefur til umráða og kostnaði haldið í lágmarki. Það er m.a. gert með góðu skipulagi í mannauðsstjórnun, aðhaldi og skipulagi á innkaupum og nýtingu efnis og einnig með góðri nýtingu í námshópum. Yfirstjórn skólans vinnur með starfsmönnum og Ríkiseignum að þróun skólans hvað varðar aðbúnað og húsnæði. Meðalnýting er reiknuð út í námshópum með því að taka saman fjölda nemenda í þeim þremur hópaviðmiðum sem eru algengust þ.e.a.s. 12-15-25 nemendur í hóp.

| Mælikvarði | Markmið | Niðurstaða vorönn 2020 |
|---|--------------------|--|
| Hlutfall yfirvinnu af heildarlaunakostnaði skólans | 10% | 13% |
| Meðalnýting á námshópum | | |
| 12 nemenda | 90% | 87,5% |
| 15 nemenda | 90% | 91,3% |
| 25 nemenda | 90% | 95,6% |
| Meðalnýting á námshópum | 90% | 91,4% |
| Rekstur sé í samræmi við fjárheimildir | Innan fjárheimilda | Umfram fjárheimildir. (sjá ályktun gæðaráðs) |
| Skólinn starfi samkvæmt ISO9001 og ÍST 85:2012 stöðlum og þeim sé viðhaldið | Vottað | Gerð var úttekt á verkferlum þann 23.mars 2021, en niðurstaða úttektar hefur ekki enn borist. ÍST 85:2012 vottun er lokið og skjal þess efnis hjá rekstrar- og fjármálastjóra |

Ályktun gæðaráðs

Hópanýting í verknámi ræðst af lykiláföngum brauta og skuldbinding skólans til að halda úti námi þrátt fyrir fækkun nemenda og hefur það áhrif á hópanýtingu. Stærsti þátturinn í því að farið er umfram fjárheimildir er aukinn launakostnaður. Auk þess hefur fjölgun nýnema sl. þrjú ár verið umfram áætlanir og veruleg fjölgun nemenda á starfsbraut vorið 2021 hefur falið í sér umtalsverðan viðbótar rekstrarkostnað. Samkvæmt samtali áfangastjóra við úttektaraðila er skólinn vottaður þrátt fyrir að hafa ekki fengið uppfært vottunarskjal.

Þjónustukönnun

Þjónustukönnun var ekki lögð fyrir vorönn 2021. Næsta þjónustukönnun verður lögð fyrir haustönn 2021.

Ályktun gæðaráðs

Þar sem könnun hefur ekki verið lögð fyrir er ekki ástæða til ályktunar.



Frammistaða ytri veitenda

Yfirlit yfir birgja er að finna í upplýsingakerfi fjársýslu ríkisins, ORRA. Leitast á við að versla eingöngu við þau fyrirtæki sem eru með gildan rammisamning við ríkið. Ef valið er að versla við fyrirtæki sem ekki eru með gildan samning þarf að liggja fyrir ástæða fyrir því.

4. Frammistaða ferla, samræmi vöru, jafnlaunagreining, útskrift áfanga og útskrift námskeiða

Eftirtalin skjöl í gæðahandbók voru endurskoðuð og samþykkt á vorönn 2021

| Dags | Númer | Skjalaheiti |
|------------|---------|---|
| 07.04.2021 | INN-001 | Innihald gæðahandbókar |
| 07.04.2021 | INN-002 | Skrár á pappírformi |
| 07.04.2021 | STS-008 | Gæðaráð |
| 17.03.2021 | VKL-101 | Stjórnun gæðamála |
| 17.03.2021 | VKL-103 | Samskipti útávið |
| 17.03.2021 | GÁT-076 | Styrkur til kaupa á öryggisskóm |
| 10.03.2021 | VKL-214 | Innkaup |
| 24.02.2021 | GÁT-020 | Framvindumat (önn) |
| 19.05.2021 | GÁT-013 | Áfangaskýrsla kennara |
| 19.05.2021 | GÁT-043 | Skilablað áfangaskýrslu (önn) |
| 29.04.2021 | GÁT-075 | Undanþága frá verklegu í íþróttum vegna æfinga og keppni. |
| | | |
| | | |

Eftirfarandi skjöl voru lögð niður; GÁT-011, GÁT-012, GÁT-029 og VKL-210

4.1 Frammistaða ferla og samræmi vöru

Eftir hverja önn taka áfangastjórar saman upplýsingar um námsárangur nemenda, brottfall og mætingar. Í gæðamarkmiðum skólans eru mælikvarðar fyrir fjóra þætti er varða námsgengi nemenda. Í upphafi vorannar 2021 voru 947 nemendur skráðir í reglulegt nám í dagskóla og 292 nemendur í fjarnámi.

| Mælikvarði | Markmið | Niðurstaða vorönn 2021 |
|------------------------------|---------|------------------------|
| Meðaleinkunn (allir áfangar) | 6,5 | 6,9 |
| Fallprósenta | 10% | 11,3% |
| Mætingar % | 90% | 86,3% |
| Brottfall % | 9,00% | 10% |

Ályktun gæðaráðs

Vegna þeirra óviðráðanlegra aðstæðna sem hafa verið síðustu annir og langvarandi óvissu ástands vegna COVID faraldar hefur það haft áhrif á nemendur og starfsfólk. Ástundun nemenda er ábótavant og það endurspeglast í virkni, mætingu og brottfalli. Tekin var sú afstaða að sýna fjarvistum nemenda aukinn skilning þrátt fyrir slæma mætingu og koma þannig til móts við nemendur í því óvissuástandi sem verið hefur.



Áfangaskýrslur vegna

Alls voru gerðar 46 athugasemdir til gæðaráðs í áfangaskýrslum og voru þær teknar fyrir á fundi gæðaráðs, nr. 540 þann 2. júní 2021 og var þeim vísað til hlutaðeigandi aðila til úrvinnslu. Viðbrögð gæðaráðs voru send í tölvupósti til fag- og brautarstjóra með upplýsingum um framvindu mála. Yfirlit yfir athugasemdir og stöðu mála er geymt á skrifstofu áfangastjóra.

Framvindumat

Fag- og brautarstjórar skiluðu framvindumati um miðja vorönn samkvæmt skóladagatali. Alls voru gerðar 5 skýrslur og voru þær teknar fyrir á fundi gæðaráðs, nr. 531, þann 17.03.2021 og þeim vísað til hlutaðeigandi aðila til vinnslu. Yfirlit yfir athugasemdir og stöðu mála er geymt á skrifstofu áfangastjóra.

Ábendingar og kvartanir

Alls bárust 7 ábendingar og/eða kvartanir án þess að fara í gegnum framvindumat eða áfangaskýrslur. Málin eru í vinnslu hjá hlutaðeiganda.

4.2 Útskrift áfanga

Við útskrift áfanga er farið eftir VKL-106 og stuðst við GÁT-022. Alls eru fimm þættir sem notaðir eru til að útskrifa áfanga. Þeir eru: námsáætlun, framvindumat, kennslumat, námsmat og áfangaskýrslur. Alls voru útskrifaðir 294 áfangar á vorönn 2021.

4.3 Niðurstöður Jafnlaunagreiningar

Jafnlaunagreining var ekki gerð á vorönn 2021, áætlað er að gera jafnlaunagreiningu á haustönn 2021

5. Úrbætur

Stöðugt er unnið að úrbótum innan skólans er varða viðhald og endurnýjun aðfanga. Umsjónarmenn fasteigna sjá um skráningu og utanumhald þessara framkvæmda og hægt er að nálgast GÁT-047 Vikuleg skýrsla umsjónarmanns fasteigna í skjalavistunarkerfi skólans.

6. Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda

- Unnið var samkvæmt áætlun um starfsmannasamtöl eins og hægt er en augljóst er að sökum Covid hefur orðið seinkun á samtölum.
- Vinna við endurskoðun á námsbrautum er í gangi og stefnt er að því að þeirri vinnu ljúki á næsta skólaári (2021-2022)
- Innri úttektum er lokið.
- Til er áætlun um innra mat GÁT-028 fyrir 2019 - 2021, verður endurskoðuð fyrir haust 2021.
- Miklar endurbætur voru gerðar á kjallara og má þá helst nefna, geymsla gerð fyrir nemendafélag og skólann, sér skjalarymi útbúið og öll gólf máluð.
- Sett var upp rafrænt beiðnakerfi fyrir húsumsjón og umhverfismál.
- Tekin var ákvörðun um að færa gæðakerfið yfir í CCQ. Vinna við þá tilfærslu er hafin og er stefnt að því að henni ljúki á skólaárinu 2021-2022
- Breytingar voru gerðar á tímatöflu skólans. Helstu breytingar eru þær að skóli hefst 8:20, kennslustundir eru 35 mín, matartími var lengdur, 5 mín. pásurnar á milli tíma felldar niður og skóla lýkur fyrr á deginum. Einnig var slökkt á skólabjöllunni. Áfram verður unnið með þær breytingar sem gerðar voru.
- Sent var yfirlit yfir breytingaþörf á húsnæði skólans til ríkiseigna.
- Kennarar og stjórnendur fengu fartölvur til afnota.

Rýni stjórnenda niðurstöður vorönn 2021



7. Breytingar sem gætu haft áhrif á gæðastjórnunarkerfið (þ.m.t. gæðastefna og markmið)

Mælipunktur eru 20 talsins, þeir sem mældir voru á vorönn 2021 eru:

- Meðaleinkunn nemenda sé 6,5 eða hærra
 - Upplýsingar úr Innu (áfangastjórar)
- Hlutfall nemenda sem ekki ná lágmarksárangri í áfanga sé 10% eða lægra
 - Upplýsingar úr Innu (áfangastjórar)
- Brottfall nemenda sé 9% eða lægra
 - Upplýsingar úr Innu (áfangastjórar)
- Hlutfall áfanga sem lýkur með lokaprófi fari minnkandi milli anna.
 - Námsáætlun (áfangastjórar)
- Á hverri önn sé boðið upp á fræðslu fyrir kennara um fjölbreyttar kennslu- og námsmatsaðferðir
 - Fjöldi námskeiða/fræðslu á skólaári sbr. endurmenntunaráætlun skólans
- Hlutfall yfirvinnu af heildarlaunakostnaði skólans verði undir 10%
- Meðalnýting á námshópum verði yfir 90%
- Rekstur skólans sé í samræmi við fjárheimildir
- Innri og ytri úttektir séu gerðar á gæðakerfinu samkvæmt ISO9001 og ÍST 85:2012

7.1 Mat á ytri þáttum/áhættuþáttum sem geta haft áhrif á starf skólans

Ýmsir þættir sem hafa áhrif á starf skólans, námsframboð hans og áherslur. Sbr. VKL-101 kafli 5.2.

| Sterkar hliðar | Veikar hliðar |
|--|---|
| Gæðavottað nám; utanumhald, umsjón, umsýsla, rekjanleiki, skjalfesting | Tölvubúnaður úreltur og þarf hraðari endurnýjun |
| Hátt hlutfall kennara með faglega menntun og kennsluréttindi | Tækjakostur til verklegrar kennslu þarfnast endurnýjunar |
| Áfangakerfi - sveigjanleiki og fjölbreytni í námi og námstíma | Fagþekking í mannauðsstjórnun og ónægur tími stjórnenda til að sinna mannauðsmálum |
| Stoðþjónusta við nemendur - námsráðgjafi, sálfræðingur, forvarnarfulltrúi, hjúkrunarfræðingur | Fjárframlög til skólans |
| Stöðugt og fjölbreytt innra mat - kennslukannanir, rýni stjórnenda, þjónustukönnun, Stofnun ársins o.fl. | Viðvera og brotthvarf nemenda |
| Valáfangar (iðngreinakynning) í boði fyrir grunnskólanemendur á Akureyri | Skortur á sérhæfðu húsnæði fyrir ákveðnar greinar, s.s. starfsbraut, iðngreinar og íþróttagreinar |
| Heimavist fyrir nemendur | Loftgæði og hitastig í húsnæði skólans |
| Lítil starfsmannavelta. Helgun í starfi og við vinnustað. | Skortur á tíma fyrir samráð og samvinnu |
| Fjölbreytt samsetning nemendahópsins | Móttaka og utanumhald um erlenda nemendur |
| Erlend samstarfsverkefni og nemendaskipti | Vinnuumhverfi starfsmanna og nemenda svo sem tölvu- og tækjabúnaður og vinnuástaða. |

Rýni stjórnenda niðurstöður vorönn 2021



| | |
|--|---|
| Þverfaglegt samstarf innan skólans og samþætting námsgreina | Skortur á samstöðu starfsmanna við að framfylgja skólareglum (munntóbak, snjalltæki o.fl.) |
| Vel skipulagt gæðakerfi og reglulegar ytri úttektir til að viðhalda ISO-9001 vottun. | Kynjahalli innan ákveðinna brauta/greina bæði í nemenda og kennarahópnum |
| Góður starfsandi og gott samstarf kennara | Samráð við starfsfólk um stefnumótun og endurskoðun á námi |
| Vel tekið á móti nýnemum og öflugt umsjónarkerfi á fyrsta ári | Móttaka nýrra starfsmanna |
| Gott samstarf stjórnenda og stjórnar nemendafélagsins | Lítill tími til að sinna starfsþróun starfsfólks |
| Vel skipulagt húsnæði og góð umgengni | |
| Verknámsaðstaða er sýnileg og vel tengd öðru skólastarfi | |
| FabLab smiðja er í húsnæði skólans | |
| Góð aðstaða á bókasafni skólans | |
| Ögnanir úr umhverfi | Tækifæri í umhverfi |
| Fjárframlög til skólans duga ekki til reksturs skólans | Aukin samskipti/samvinna við atvinnulífið í nærumhverfinu |
| Minnkandi fæðingarárgangar á upptökusvæði skólans og lítil fólksfjölgun | Samvinna við háskóla um réttindanam kennara |
| Minnkandi áhugi nemenda á ákveðnu námi | Breytingar á atvinnulífi og samfélaginu sem kalla á ný námstækifæri |
| Breytingar á atvinnulífi sem eru þess valdandi að ákveðnar námsleiðir dragast saman eða nemendum fækkar | Eftirspurn atvinnulífs eftir fagmenntuðum einstaklingum |
| Samkeppni um nemendur | Þjónusta við nemendur með styttri námskeiðum s.s. suðunámskeið, vélgæslunámskeið, textíl o.s.frv. |
| Breytingar á inntökuviðmiðum háskóla | Niðurgreiddar skólamáltíðir eða framfærslustyrkir til ungmenna |
| Of fá úrræði í boði fyrir nemendur sem standa höllum fæti í nám | Efla bóknámsdeildir (ímyndarvinna) ákveða að vera framúrskarandi |
| Fáir iðnmeistarar með kennsluréttindi | Efla jafnréttisfræðslu og vera í framvarðasveit framhaldsskóla á því sviði |
| Styttri námsleiðir í iðn- og starfsnámi, s.s. verslunarþjóna eða aðstoðarmaður á verkstæði eru ekki viðurkennd starfsréttindi. | Nýjar kennsluáðferðir með nýrri tækni og breyttri hugsun (spjaldtölur, Youtube, Moodle, Flipped teaching) |
| Vanlíðan, kvíði og andleg veikindi nemenda | Samvinna við grunn- og framhaldsskóla ásamt framhaldsfræðslu aðilum |
| Stafrænt áreiti í námi og kennslu | Kynningarmál |
| Álag á nemendur vegna íþróttastarfs eða vinnu utan skóla | 4. þreps nám í samvinnu við háskóla |
| Skortur á heilbrigðis- og stoðþjónustu við nemendur sem glíma við sértæk vandamál | Kanna afdrif útskrifaðra nemenda frá skólanum og hvernig námið hefur nýst þeim í frekara námi eða atvinnulífi |
| Starfstími skóla skv. reglugerð og kjarasamningum | Efla þekkingu og hæfni nemenda til að tileinka sér tækninýjungar í samræmi við breytt samfélag og atvinnulíf |

Ályktun gæðaráðs

Haldið verður áfram að vinna verkefni tengdum SVÓT greiningunni.

Rýni stjórnenda niðurstöður vorönn 2021



8. Tillögur um umbætur

Haldið verður áfram endurskoðun námsbrauta með það að markmiði að bæta hópanýtingu. Markmið að bæta rekstur og tryggja nemendum nauðsynlegan undirbúning fyrir háskólanám miðað við inntökuskilyrði háskóla.

Endurskoðun á stundatöflu heur verið í gangi síðustu annir og mikilvægt er að halda þeirri vinnu áfram. Skoðað verður með stokka- og tímatöflu.

Endurskoða skipulag skólstarfs með það að markmiði að horfa til verkefnabundins náms, símats og fjölbreytts námsumhverfis.

Innleiðing nýrrar reglugerðar varðandi starfsþjálfun nemenda.

Innleiðing á 365 og breytingum í kerfisstjórn.

Kanna möguleikana á kvöld/dreifnám í iðngreinum.

9. Tillögur um auðlindir

Endurskoða húsnæði VMA með það að markmiði að bæta vinnuaðstæður, aðgengi og nýtingu þess rýmis sem nú er notað. Ýmislegt viðhald á húsnæði VMA í samstarfi við Ríkiseignir með það að markmiði að auka rekstraröryggi skólans og öryggi starfsfólks. Má þar nefna snjógildir við loftræsingu, lokuð kerfi á loftræsingu og snjóbræðslur, þak yfir miðrymi og endurnýja plast í þakgluggum.

Skólinn hefur náð fyrstu skrefum í grænum skrefum og stefnt er að því að ljúka skrefum 2-3 á árinu 2021.

Endurskoða fyrirkomulag skráningar varðandi viðhald og framkvæmdir á húsnæði skólans.

10. Aðgerðalisti

Skv. verklaginu sem lýst er í kafla 5.4 í VKL-401 Rýni stjórnenda, eru aðgerðir á aðgerðalista færðar yfir á GÁT-069 Verkefnalista stjórnenda. Aðgerðalistinn verður einnig viðfangsefni næstu rýni (sbr. atriði 6 hér að neðan). Númer á einstökum efnisatriðum hér að neðan vísa á sama kaflanúmer í **Skýrslu fyrir rýni stjórnenda haust 2021**.

| AÐGERÐALISTI VEGNA RÝNI STJÓRNENDA FYRIR HAUST 2021 | | | |
|---|---|----------------------------|------|
| Nr. | Verkefni | Ábyrgð | Tími |
| 1. | Fyrri rýni stjórnenda | | |
| | Unnið verður samkvæmt áætlun um starfsmannasamtöl | Aðstórða- og skólameistari | H21 |
| | Unnið að innleiðingu persónuverndarlaga | Skólameistari | H21 |
| | Endurskoðun á námsbrautum | Skólameistari | H21 |

Rýni stjórnenda niðurstöður vorönn 2021



| | | | |
|-----------|--|----------------------------|-----|
| 2. | Innri úttektir | | |
| | Eftirvinna varðandi innri úttektir er í höndum áfangastjóra | Áfangastjórar | H21 |
| | Gerð verður ný áætlun um innra mat GÁT-028 | Skólameistari | H21 |
| 3. | Endurgjöf frá nemendum, starfsmönnum og hlutaðeigendum | | |
| | Endurskoðun námsbrauta | Aðstorða- og skólameistari | H21 |
| 4. | Frammistaða ferla, samkv. vöru, jafnlaunagreining, útskrift áfanga og námskeiða | | |
| | Á ekki við á þessari önn. | | H21 |
| 5. | Úrbætur | | |
| | Stefnt er að því að fara í breytingar og endurbætur á húsnæði eins og hægt er. | Skólameistari | H21 |
| 6. | Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda | | |
| | Klára vinnu við að færa gæðakerfið í CCQ | Áfangastjórar | H21 |
| 7. | Breytingar sem geta haft áhrif á gæðastjórnunarkerfið | | |
| | Unnið verður að aðgerðum vegna SVÓT-greiningar | Aðstorða- og skólameistari | H21 |
| | Farið verður yfir fyrirkomulag skjalastýringar í gæðakerfi skólans. | Áfangastjórar | H21 |
| 8. | Tillögur um umbætur | | |
| | Endurskoða námsbrautir | Áfangastjórar | H21 |
| | Endurskoðun á stokkatöflu og tímatöflu | Áfangastjórar | H21 |
| 9. | Tillögur að auðlindum | | |
| | Endurskoða húsnæði með tilliti til vinnuaðstæðna og nýtingu | Aðstorða- og skólameistari | H21 |
| | Viðhald á húsnæði VMA í samstarfi við Ríkiseignir með það að markmiði að auka rekstraröryggi skólans og öryggi starfsfólks t.d.snjógildirur við loftræsingu, lokuð kerfi á loftræsingu og snjóbræðslur, þak yfir miðrymi og endurnýja plast í þakgluggum | Aðstorða- og skólameistari | H21 |
| | Áfram haldandi vinna að grænum skrefum og stefnt er að því að ljúka skrefum 2-3 á árinu 2021. | Aðstorða- og skólameistari | H21 |
| | | | |